



Norðurþing
Ketilsbraut 7-9 9
640 HÚSAVÍK
Iceland

Garðabær, 30. janúar 2026

Málsnúmer: 202601-0033

S.S

Efni: Aðalskipulag Norðurþings 2025-2045. Heildarendurskoðun. Auglýst tillaga.

Vísað er í tölvubréf frá Norðurþingi sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 22. desember 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um auglýsta tillögu að nýju Aðalskipulagi Norðurþings 2025-2045.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um tillöguna á vinnslustigi þann 12. febrúar 2025. Vísað er í þá umsögn og eiga allar ábendingar og athugasemdir sem þar koma fram enn erindi nema annað sé tekið fram hér að neðan.

Í þessari umsögn er því einungis vikið að atriðum sem eru ný eða hafa tekið breytingum, eða sem ekki var vikið að í fyrri umsögn stofnunarinnar. Heilt yfir hefur lítið orðið um breytingar frá því vinnslutillagan var kynnt.

Vert er að benda á að þann 6 janúar síðastliðin var ný stefna stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni gefin út sem mikilvægt er að bæta við lista þeirra opinberu stefnumótunar sem aðalskipulaginu ber að horfa til.

Verndarsvæði

Fyrri athugasemdir eiga almennt við. Breyting hefur orðið frá vinnslutillögu á skipulagi iðnaðarsvæðis við Bakka. Stækkun svæðisins til norðurs er minni vestan Þjóðvegarsins og rask á búsvæðum fugla og votlendi því minna en áður þó það sé enn umtalsvert. Hverfisvernduðu svæði við ströndina verður hlíft með því að tryggja betri fjarlægð iðnaðarsvæðis frá því. Meira rask verður austan Þjóðvegars þar sem iðnaðarsvæði þar verður stærra en áformað var í vinnslutillögu.

Orka

Litlar breytingar hafa orðið á umfjöllun um áformaða orkunýtingu þ.m.t. vindorkuver og jarðvarma og er vísað í fyrri ábendingar. Helst má nefna sem breytingu að í umfjöllun um heimildir fyrir stökum vindmyllum (kafli 2.4.3 í umhverfismatsskýrslu) eru áhrif á gróður og dýralíf metin óveruleg, en voru metin óviss í vinnslutillögunni. Er miðað við að val á staðsetningu eigi að geta komið í veg fyrir rask á sérstæðum svæðum fyrir lífríki. Mikilvægt er að við frekari skipulags- og leyfveitingar þessu tengt sé lagt mat á þetta atriði. Þá er bætt við umfjöllun um samlegðaráhrif þess að mögulega verði margar stakar vindmyllur reistar. Er þetta mikilvæg viðbót og ljóst að áhrif af slíku geta orðið neikvæð fyrir marga umhverfisþætti.



Ein nýjung í tillögunni er að bætt hefur verið áformum um að leggja heitavatslögn frá Þeistareykjum að Bakka, þó með þeim fyrirvara að ekkihefur verið tekin ákvörðun um hvort eða hvernig að þessu verði staðið. Eins og fram kemur getur framkvæmd á slíkri lögn haft neikvæð áhrif á gróður, dýralíf og landslag. Mikilvægt er að lagt verði mat á matsskyldu framkvæmdarinnar þegar frekari upplýsingar liggja fyrir og að áhrif hennar á þessa umhverfisþætti verði skoðaðir vandlega.

Landbúnaðarland

Í umsögn sinni um vinnslutillöguna benti Náttúrufræðistofnun á að taka þyrfti betur tillit til verndargildi vistgerða við mat á hæfi þeirra fyrir landbúnað. Svo virðist sem það hafi verið gert þó það komi ekki skýrt fram í texta en í töflu 4. Í fylgiskjali um grunnflokkun landbúnaðarlands hafa votlendisvistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi verið lækkaðar í hæfiseinkunn og eru nú metnar með fremur lága einkunn. Betur mætti útskýra þessa breytingu í texta en þessar votlendisvistgerðir eru ekki taldar upp undir liðnum takmarkanir. Ef þessi breyting er til að hlífa votlendi sem getur t.d. verið undir sérstakri vernd fyrir því að vera nýtt sem landbúnaðarland er það mjög til bóta að mati Náttúrufræðistofnunar.

Skógrækt

Almennar ábendingar í fyrri umsögn Náttúrufræðistofnunar eiga enn við. Í umhverfismatsskýrslu hefur verið bætt við skilmálum um að horfa skuli sérstaklega til áhrifa skógræktar á mikilvæg búsvæði fugla. Mikilvægt er að hugað sé að góðri gagnaöflun um fuglalíf og aðra umhverfisþætti til að hægt sé að fylgja eftir þeim skilmálum sem og fleiri skilmálum sem eru í aðalskipulaginu t.d. við að heimila ekki ræktun erlendra tegunda á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, tryggja verndun birkiskóga og almennt lágmarka neikvæð áhrif eins og kafla 6.7 í greinargerðinni um landslag og náttúruferlegur áherslu á.

Frístundabyggðir

Nokkrar frístundabyggðir eru áformaðar, einkum í Öxarfirði en einnig stækkun frístundabyggðar vestan við Laxá við flugvöllinn. Mikilvægt er að taka tillit til verndargildis og -stöðu þeirra svæða þar sem frístundabyggðirnar eru áformaðar. Í sérskilmálum er fjallað um hverfisverndaða birkiskóga fyrir svæði F6, F7 og F8 í Öxarfirði en einnig ætti að leggja mat á búsvæði fugla í mólendi og graslendi. Fyrir svæði F1 þarf að taka tillit til mögulegra áhrifa á verndarsvæði Laxár.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við aðalskipulagið en vísar eins og áður kemur fram í fyrri umsögn stofnunarinnar um vinnslutillöguna.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar